Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Nils Viggó Clausen. *Varastjórn:* Elísabet Stefanía Albertsdóttir, kt. 110579-3309, Álfholti 24, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Nils Viggó Clausen.

Prókúruumboð: Nils Viggó Clausen.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir, kt. 161188-2049, Þúfulæk 14, 800 Selfoss.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Útseld vinna á akstri.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.
(2025017168

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Pitstop Vellir ehf.**

Kt.: 460825-1050.

Heimili og varnarþing: **Suðurhelli 9, 221 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 29. júlí 2025.

Stofnendur: Vormur Þórðarson, kt. 191169-5149, Kelduhvammí 16, 220 Hafnarfjörður, Þórarinn Vignir Hafliðason, kt. 110398-3369, Móabará 2, 220 Hafnarfjörður, Kolbeinn Vormsson, kt. 270999-2989, Kelduhvammí 16, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Þórarinn Vignir Hafliðason. *Varastjórn:* Kolbeinn Vormsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Vormur Þórðarson.

Prókúruumboð: Vormur Þórðarson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ragnar Þór Kárasón, kt. 180662-5889, Vindakór 1, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur dekkja- og bifreiðaverkstæðis auk smurstöðvar, rekstur fasteigna ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017169

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Straumur þjónusta ehf.***Kt.:* 460825-0670.*Heimili og varnarþing:* **Reykjavíkurvegi 4b, 220 Hafnarfjörður.***Dagsetning samþykktar er:* 20. júní 2025.*Stofnendur:* Simon Cupka, kt. 180664-3949, Reykjavíkurvegi 4B, 220 Hafnarfjörður, Joanna Kleszczewska, kt. 101273-3349, Reykjavíkurvegi 4B, 220 Hafnarfjörður.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 20. júní 2025.*Stjórnarmaður:* Simon Cupka. Varastjórn: Joanna Kleszczewska.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Simon Cupka.*Prókúruumboð:* Simon Cupka.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Birgir Strandberg, kt. 110353-7319, Álfatúni 9, 200 Kópavogur.*Hlutað kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er alm.byggingastarfsemi, lagnavinna hvers konar, tilboðsverk og tímavinna. Tækni- og verkfræðiráðgjöf, leiðbeiningar, eftirlit, hönnun og teikningar. Rekstur bifreiða, áhalda, tækja og skyldur rekstur. Kaup og sala fasteigna, heildsala, smásala, innflutningur, útflutningur, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2025017170

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **sveppalingur ehf.***Kt.:* 450825-1310.*Heimili og varnarþing:* **Vitateigi 5B, 300 Akranes.***Dagsetning samþykktar er:* 3. ágúst 2025.*Stofnendur:* Sveinbjörn Pétur Helgason, kt. 310107-3010, Vitateigi 5B, 300 Akranes.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 3. ágúst 2025.*Stjórnarmaður:* Sveinbjörn Pétur Helgason. Varastjórn: Eva Dögg Kristínardóttir, kt. 210982-2999, Vitateigi 5B, 300 Akranes.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Sveinbjörn Pétur Helgason.*Prókúruumboð:* Sveinbjörn Pétur Helgason.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Lilja Halldórsdóttir, kt. 150870-3729, Steinsstaðflöt 6, 300 Akranes.*Hlutað kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Innflutningur, smásala, kaup og sala fasteigna.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2025017171

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **THL Productions ehf.***Kt.:* 450825-0340.*Heimili og varnarþing:* **Fiskislóð 31, 101 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 16. júlí 2025.*Stofnendur:* Truenorth Nordic ehf., kt. 440419-1940, Fiskislóð 31a, 101 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 16. júlí 2025.*Stjórnarmaður:* Guðjón Ómar Davíðsson, kt. 110860-7149, Sólvallagötu 61, 101 Reykjavík. Varastjórn: Leifur Björn B. Dagfinnsson, kt. 180368-4699, Faxaskjóli 12, 107 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Leifur Björn B. Dagfinnsson.*Prókúruumboð:* Einar Þór Magnússon, kt. 230668-4189, Hólmátúni 56, 225 Garðabæ, Guðjón Ómar Davíðsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Árni Valgarð Claessen, kt. 261174-3919, Aðalþingi 13, 203 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Framleiðsla kvikmynda, sjónvarpsþátta og annars myndefnis. Ráðgjöf og fjárfestingar.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2025017172

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Leikhús ehf.***Kt.:* 450825-0260.*Heimili og varnarþing:* **Hringbraut 45, 101 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 1. júní 2025.*Stofnendur:* Sigurður Ingvarsson, kt. 150498-2529, Hringbraut 45, 101 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 1. júní 2025.*Formaður stjórnar:* Sigurður Ingvarsson. Meðstjórnandi: Alma Finnbogadóttir, kt. 271197-2769, Hringbraut 45, 101 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:**Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Edda Arnljótsdóttir, kt. 221164-3189, Hofsvallagötu 55, 107 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að reka leikhús og aðra sviðslistastarfsemi, framleiða og setja upp leiksýningar, kvikmyndir og sjónvarpsefni, halda námskeið og vinnustofur í leiklist, sem og að stunda útgáfustarfsemi og miðlun. Félagið getur einnig haft með höndum ráðgjöf og aðra starfsemi tengda menningu og listum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2025017173

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Mjólnir Mynt ehf.**

Kt.: 480825-0550.

Heimili og varnarþing: **Hafnarbraut 12F, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 30. júlí 2025.

Stofnendur: Engey Invest ehf., kt. 650507-3630, Austurgötu 11, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Einar Örn Jónsson, kt. 030796-2769, Hafnarbraut 12F, 200 Kópavogur. *Varastjórn:* Einar Sveinsson, kt. 030448-2789, Bakkafliót 10, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Einar Örn Jónsson.

Prókúruumboð: Einar Örn Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurbergur Theodórsson, kt. 270692-2229, Ofanleiti 9, 103 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 1.000.000 ISK

Tilgangur: Til að kaupa og selja rafmyntir.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017174

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Ruggur Alex ehf.**

Kt.: 450825-0850.

Heimili og varnarþing: **Keilugranda 1, 107 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 1. ágúst 2025.

Stofnendur: Alex Júníus Stefánsson, kt. 111068-4619, Keilugranda 1, 107 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Alex Júníus Stefánsson. *Varastjórn:* Jens Valdimarsson, kt. 200471-5639, Klapparstíg 1, 101 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Alex Júníus Stefánsson.

Prókúruumboð: Alex Júníus Stefánsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stanley Pétur Kowal, kt. 130473-2299, Kleifakór 9, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð / Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna / Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017175

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Una Kolbeins ehf.**

Kt.: 470825-0570.

Heimili og varnarþing: **Klapparási 2, 110 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 29. júlí 2025.

Stofnendur: Una Guðlaug Kolbeinsdóttir, kt. 260896-3699, Skipholt 11-13, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Una Guðlaug Kolbeinsdóttir. *Varastjórn:* Víkar Máni Þórsson, kt. 101102-2890, Rökkvatjörn 1, 113 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Una Guðlaug Kolbeinsdóttir.

Prókúruumboð: Víkar Máni Þórsson, Una Guðlaug Kolbeinsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Víktor Ómarsson, kt. 170683-5799, Kleppsvegi 20, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Jógakennsla s.s. einka- og hóptímar, rekstur hugbúnaðar til jógakennslu og kaupa og selja vörur tengdar jógaiðkun. Jafnframt mun félagið sinna lánastarfsemi og hverri annarri starfsemi sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017176

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Golfbarinn ehf.**

Kt.: 470825-0730.

Heimili og varnarþing: **Espigerði 16, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 5. ágúst 2025.

Stofnendur: Bergsteinn Gizurarson, kt. 091001-2090, Hlyngerði 1, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Bergsteinn Gizurarson. *Varastjórn:* Þórunn María Kærnested, kt. 151296-2469, Huldubraut 11, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Bergsteinn Gizurarson.

Prókúruumboð: Bergsteinn Gizurarson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kristinn Gestsson, kt. 130447-2369, Síðumúla 21, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sala á golfvörum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017177

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **BOSSK ehf.**

Kt.: 470825-0220.

Heimili og varnarþing: **Ellidavaði 13, 110 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 30. júlí 2025.

Stofnendur: Stefán Metúsalem Ómarsson, kt. 250174-3229, Ellidavaði 13, 110 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Stefán Metúsalem Ómarsson. Varastjórn: Birna Gísladóttir, kt. 170380-3399, Elliðavaði 13, 110 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Stefán Metúsalem Ómarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, kt. 230880-3799, Melabraut 33, 170 Seltjarnarnes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Eignahaldsstarfsemi, kaup og sala fasteigna og lánastarfsemi í tengslum við starfsemi félagsins.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017178

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Adela ehf.**

Kt.: 450825-0690.

Heimili og varnarþing: **Goðatúni 6, 425 Flateyri.**

Dagsetning samþykktar er: 19. júlí 2025.

Stofnendur: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir, kt. 300887-2289, Goðatúni 6, 425 Flateyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 19. júlí 2025.

Stjórnarmaður: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir. Varastjórn: Kristján Viðar Bárðarson, kt. 050164-5869, Arnarhrauni 47, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir.

Prókúruumboð: Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Kristín Guðmunda Pétursdóttir, kt. 130676-3329, Eyrarvegi 13, 425 Flateyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Að veita bókhaldsþjónustu, þar á meðal færslu og uppgjör bókhalds, gerð virðisaukaskattsskila og undirbúning og skil skattframtala, með það að markmiði að styðja við fjárhagslegt gagnsæi og lögbundna skyldu viðskiptavina.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017179

Útgáfud.: 13. ágúst 2025

Stefna

Melody Otuwho Ehimare

Kt. 100694-5229

Kleppsvegi 38,

Reykjavík

gjörir kunnugt;

að hún þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Emmanuel Ehimare, síðasta þekkt heimilisfang að Via La Mola 77, Supino, 03019 Provincia di Frosinone, Italy. Stefndi er fæddur 1. október 1996.

Kröfugerð:

1. Stefnandi gerir þá kröfu að henni verði með dómi falin forsjá og lögheimili barna málsaðila, Winners Emmanuel Ehimare, kt. 031217-2370, og Michael Emmanuel Ehimare, kt. 070820-2500.
2. Þá er gerð krafa um að stefnda verði gert að greiða stefnanda einfalt lágmarksmeðlag með börnunum, Winner Emmanuel, kt. 031217-2370, og Michael Emmanuel, kt. 070820-2500, eins og barnalífeyrir frá Tryggingastofnun er ákvarðaður á hverjum tíma, frá 1. maí 2022 til fullnaðs 18 ára aldurs barnanna.
3. Stefnandi gerir jafnframt kröfu um málskostnað úr hendi stefnda, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, eða að mati dómsins, sem mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Við ákvörðun málskostnaðar er þess krafist að tekið verði tillit til þess að stefnandi á ekki frádráttarrétt á móti virðisaukaskatti sem þarf að greiða af lögmannsskostnaði.

Fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Feldís Lilja Óskarsdóttir, feldis@megin.is Megin lögmannsstofu, Skipholti 50d, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik:

Málsaðilar, sem eru bæði ættuð frá Nígeríu, kynntust á Ítalíu árið 2016. Þau gengu í hjúskap í Nígeríu sama ár og bjuggu fyrsta ár hjúskaparins á Ítalíu. Árið 2017 flutti stefnandi til Íslands ásamt eldri syni aðila sem fæddist það sama ár. Stefnandi hefur búið á landinu óslitið frá árinu 2017 og er með varanlegt dvalarleyfi hér. Árið 2020 eignuðust aðilar drenginn Michael sem fæddist á Íslandi. Stefndi hefur nú ekki hitt drengina undanfarin þrjú ár.

Aðilar slitu sambandi sínu á árinu 2022 og hefur stefndi ekki hitt börnin frá þeim tíma. Stefnandi leitaði til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þann 14. ágúst 2023 og óskaði eftir skilnaði við stefnda. Jafnframt gerði stefnandi kröfu um að fá fulla forsjá yfir drengjunum. Stefndi gerði hins vegar kröfu um að forsjá drengjanna yrði sameiginleg. Fór málið í sáttamiðlun hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og tók stefndi þátt í henni í gengum myndsimtöl. Ekki tókst að ná fram sáttum á milli aðila og þann 20. júní 2024 var gefið út sáttavottorð um árangurslausar sáttatilraunir. Gefin var út stefna í forsjármáli þann 6. ágúst 2024 og stefnan send til birtingar fyrir stefnda á Ítalíu með aðstoð sýslumannsins á Suðurnesjum. Ekki tókst að birta stefnuna fyrir stefnda og engar upplýsingar fengust um birtingatilraunir þrátt fyrir eftirgrennsan. Þar sem sáttavottorð aðila rann út án þess að tækist að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur var aftur leitað sátta með aðilum og gefið út nýtt sáttavottorð af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 3. júlí 2025. Stefndi móttók rafræna boðun vegna sáttumleitana en afstaða hans kom ekki fram.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi byggir kröfu sína um að henni verði falin forsjá og lögheimilibarnanna, Winners og Michaels, á því að það sé börnunum fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 og í ljósi aðstæðna og hagsmuna barnanna sé nauðsynlegt að hún fari ein með forsjá þeirra. Þegar foreldra greinir á um forsjá barna skal dómur kveða á um það hjá hvoru foreldra forsjá barnanna skuli vera eftir því sem barni er fyrir bestu. Við mat á þessu ber að líta til allra þátta sem varða hagsmuni barnanna og hvernig þeim verður best borgið. Er þá m.a. lítið til persónulegra eiginleika foreldra, tengsla foreldra við börnin, atriða er varða daglega umsjá og umönnun barnanna, húsnæðismál, liðsinni annarra svo og önnur þau sjónarmið sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við tilvitnaða lagagrein í því frumvarpi sem varð að barnalögum nr. 76/2003. Það eru því hagsmunir barnanna sem eru í forgrunni og telur stefnandi að þegar horft er til fyrrgreindra atriða og sjónarmiða sé það börnunum fyrir bestu að hún fari ein með forsjá þeirra.

Á því byggt að *stefnandi sé hæfari* en stefndi til að fara með forsjá og lögheimili barnanna vegna sinna persónulegu eiginleika og þeirrar þekkingar og reynslu sem hún hefur öðlast við umönnun drengjanna með tilliti til sérþarfa þeirra. Stefnandi hefur verið aðalümönnunaraðili barnanna allt frá fæðingu þeirra og annast daglegt uppeldi þeirra nær ein og án stuðnings frá stefnda síðustu árin. Þannig hafi hún tekið alla ábyrgð á börnunum en stefndi búið í öðru landi. Hefur stefndi ekki hitt börnin frá árinu 2022.

Ljós má vera að *tengsl stefnanda við börnin* eru mjög sterk en á sama tíma eru tengsl stefnda við börnin nær engin. Stefnandi kveðst tengjast börnunum nánum tilfinningaböndum og þau eigi náð og gott samband enda hafi hún frá fyrstu tíð verið nær ein með þau. Stefndi hafi hins vegar í raun ekki tengst börnunum sem nokkru nemi enda samskipti þeirra við stefnda að miklu leyti farið fram í gengnum WhatsApp appið í símanum. Gefur að skilja að með því næst ekki sú tenging sem verður í samskiptum á milli foreldra og barna á heimili. Hjá stefnanda njóta drengirnir þess *stöðugleika* sem þeir þarfnast enda snýst líf stefnanda fyrst og fremst um að skapa þeim gott líf. Stefnandi hefur búið á sama stað frá því hún flutti til landsins en hún er í öruggu húsnæði

sem hún leigir af Reykjavíkurborg. Þá hafa drengirnir verið í sama leikskóla alla sína leikskólatíð en eldri drengurinn er kominn í skóla.

Stefnandi hefur ein séð um *daglega umsjá og umönnun barnanna* t.a.m. að sinna læknisheimsóknum, viðtölum og samskiptum við leikskóla barnanna, skóla og aðra stuðningsaðila barnanna. Stefnandi telur að líðan barnanna sé mjög góð í dag enda njóta þau auk hennar góðs stuðnings fagaðila og líður vel í skóla og leikskóla. Hjá stefnanda búa börnin við yfirvegað umhverfi, ást og umhyggju. Telur stefnandi mikilvægt að ekki verði hróflað við því lífi sem þau lifa núna til þess að sem best takist við uppeldi drengjanna. Stefnandi gerir sér grein fyrir því að það sé mikilvægt að börnin umgangist föður sinn með einhverjum hætti og þau kynnist honum en til þess að svo megi verða verði stefndi að sýna því áhuga.

Á því er byggt að ekki séu fyrir hendi skilyrði til að dæma sameiginlega forsjá eins og málsvikur er háttað í þessu máli í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 73/2003. Við mat á því hvort forsjá skuli vera sameiginleg ber dómara að líta sérstaklega til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Í ljósi þess að stefndi býr í öðru landi en börnin og hefur ekki sinnt umgengni við drengina síðustu þrjú árin verður að telja að sameiginleg forsjá verði til þess fallin að draga úr möguleikum barnanna að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Sameiginleg forsjá yrði einungis til þess fallið að takmarka möguleika stefnanda til að taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi drengina.

Stefnandi telur að öllu þessu virtu að hagsmunum barnanna sé því best borgið með því að hún fari ein með forsjá þeirra og lögheimili.

Stefnandi gerir kröfu um einfalt meðlag úr hendi stefnda með börnunum frá 1. maí 2022 til fullnaðs 18 ára aldurs þeirra. Stefnandi byggir kröfu sína á framfærsluskyldu foreldra, sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003 og lágmarksmeðlagsskyldu foreldris samkvæmt 57. sbr. 55. gr. laganna. Á því er byggt að stefndi hafi ekki framfleytt börnunum frá framangreindu tímamarki.

Stefnandi telur að eins og mál þetta er vaxið sé ekki þörf á sérfræðilegri álitsgerð um aðstæður aðila og tengsl þeirra við börnin. Stefnandi áskilur sér þó rétt til að krefjast þess að dómari kveði á um að aflað verði sérfræðilegrar álitsgerðar um aðstæður aðila og tengsl þeirra við barnið sbr. 3. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 76/2003 og að dómari kveði á um að kostnaður af þeirri gagnaöflun greiðist úr ríkissjóði. Er jafnframt áskilinn réttur til framlagningar beiðnar um dómkvaðningu matsmanns hafi dómari ekki frumkvæði í þeim efnum.

Málið er höfðað á heimilisvarnarþingi barnanna, sbr. 1. mgr. 37. gr. barnalaga nr. 76/2003. Stefna er birt í lögbirtingablaði þar sem birting tóks ekki á síðasta þekkta heimilisfangi stefnda með vísan til a – og b – liða 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Um lagarök er fyrst og fremst vísað til ákvæða barnalaga nr. 76/2003, einkum til 34-44. gr. og IX kafla laganna. Einnig er vísað til ákvæða 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna varðandi það að ávallt skal hafa í forgrunni það sem barni er fyrir bestu og V. kafla laganna varðandi forsjárskyldur og forsjá barns. Þá er vísað til VI. kafla laganna.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi máls þessa er ekki virðisaukaskattsskyld og er henni því nauðsyn að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda. Stefnandi hefur verið veitt gjafsókn vegna málshöfðunarinnar en gerð er krafa um að málskostnaður verði dæmdur sem eigi væri um gjafsókn að ræða. Varðandi gjafsókn er vísað til XX. kafla laga nr. 91/1991.

Áskilnaður og skýrslutökur:

Áskilinn er réttur til að reifa málið frekar, leggja fram frekari gögn í málinu á síðari stigum þess. Þá er áskilinn réttur til að koma að nýjum málsástæðum og mótmælum, ef tilefni gefst til, á síðari stigum málsins, allt fram að munnlegum flutningi málsins ef til hans kemur, sbr. 41. gr. barnalaga nr. 76/2003. Komi til aðalmeðferðar í máli þessu mun stefnandi máls þessa koma fyrir dóm og gefa skýrslu. Þá áskilur stefnandi sér rétt til þess að leiða til skýrslutöku aðila sem upplýst geta dóminn um aðstæður stefnanda og stefnda og tengsl þeirra við börnin, eftir því sem máli skiptir.

Sönnunargögn:

Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi m.a. leggja fram auk stefnunar: endurrit úr sífjamálabók

sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, vottorð um sáttameðferð og gjafsóknarleyfi, ásamt fleiri gögnum til stuðnings kröfum stefnanda.

Fyrirkall:

Fyrir því stefnist hér með Emmanuel Ehimare, síðast til heimilis að Via La Mola 77, Supino, 03019 Provincia di Frosinone, Ítalíu, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal embættisins þann 16. september 2024, kl. 10.00, að dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu samkvæmt 113. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 5. ágúst 2025.

F. h. stefnanda

Feldís L. Óskarsdóttir lögmaður.

(2025016993

Útgáfud.: 15. ágúst 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, Kópavogi.

Stefndi: Finnur Andrésson, kt. 100471-3109, Ótilgreint, 800 Selfossi.

Málflutningsumboð:

Undirritaður Ágúst Stefánsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur:

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 4.766.028, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 1.1.2025 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur. Kröfunúmer 05000-250314.

Lýsing heimildarskjals:

- | | |
|----------------------------|---------------------------------------|
| 1. Skuldaskjal, útgefandi: | 4910080160 |
| 2. Aðalskuldari: | Finnur Andrésson, 100471-3109 |
| 3. Útgáfudagur: | 17.11.2023 |
| 4. Upphaflegur kröfuhafi: | Íslandsbanki hf. |
| 5. Upphafleg fjárhæð: | 5.000.000 |
| 6. Upphaflegir skilmálar: | 84 gjalddagar með 1 mánaða millibili. |

7. Vaxtaákvæði: Vaxtatafla: Kjörvxt. vtr. einstakl. Fast álag: 3,90
8. Í vanskilum frá: 1.1.2025
9. Lýsing: 72388 Skuldabréf útg. 17.11.2023, upphaflega að fjárhæð kr. 5.000.000. Í vanskilum frá 01.01.2025

Málsatvik og málsástæður:

Krafa stefnanda er byggð á skuldabréfi nr. 72388 útgefnu þann 17.11.2023 af stefnda til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, sem er stefnandi málsins.

Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 5.000.000 og skyldi endurgreiða með 48 afborgunum á eins mánaðar fresti. Skuldabréfið bar kjörvexti, sem voru 4,25% að viðbættu föstu vaxtaálagi 3,90%, samtals voru vextir 8,15%. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi. Fyrsti gjalddagi var ákveðinn þann 1.1.2024.

Stefndi greiddi ekki af skuldabréfinu frá og með gjalddaga 1.1.2025. Í samræmi við 7. gr. skilmála skuldabréfsins var öll skuldin felld í gjalddaga vegna vanskila þann 1.1.2025 og send í löginheimtu. Eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar á gjaldfellingardegi voru að fjárhæð kr. 4.728.025, áfallnir samningsvextir kr. 38.004, samtals kr. 4.766.029, sem er stefnufjárhæðin. Stefnda var sent innheimtubréf þann 25.2.2025 þar sem honum er tilkynnt um að skuldabréfið hafi verið gjaldfellt vegna vanskila, á gjaldfellingardegi voru samningsvextir skuldabréfsins alls 10,40%, því er krafist 10,40% samningsvaxta af stefnufjárhæðinni frá gjaldfellingardegi til 25.3.2025 er einn mánuður var frá því að stefnda var sent innheimtubréf, en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. frá þeim degi til greiðsludags.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þar sem stefndi er óstaðsettur í hús á Íslandi er stefnanda nauðugur einn sá kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Lagatilvísanir:

Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum númer 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. III kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 2. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfurettar um loforð og efndir fjárskuldbindinga.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Afrit af skuldabréfi.
4. Staða skuldabréfs gjaldfelld.
5. Staða skuldabréfs vanskil.
6. Innheimtubréf.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er **Héraðsdómur Suðurlands**, á dómþingi sem haldið verður að/í **Austurvegi 4, Selfossi**, þann **17. september 2025**, kl. **14.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er þrír sólarhringar.

Kópavogi, 19. maí 2025.
f. h. stefnanda,
Ágúst Stefánsson lögmaður

(2025017056

Útgáfud.: 15. ágúst 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, Reykjavík vegna Landsbankinn hf., Viðskiptabanki, Reykjastræti 6, Reykjavík.
Stefndi: Kristján Freyr Steingrímsson, kt. 030681-4019, Ótilgreint heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirrituð, Sigríður Laufey Jónsdóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 22.555.671 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 82.670 frá 1. maí 2024 til 1. júní 2024, af kr. 165.791 frá 1. júní 2024 til 1. júlí 2024, af kr. 249.388 frá 1. júlí 2024 til 1. ágúst 2024, af kr. 333.868 frá 1. ágúst 2024 til 1. september 2024, af kr. 418.734 frá 1. september 2024 til 1. október 2024, af kr. 503.680 frá 1. október 2024 til 1. nóvember 2024, af kr. 588.426 frá 1. nóvember 2024 til 19. desember 2024, af kr. 22.555.671 frá 19. desember 2024 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt meðfylgjandi málskostnaðarreikningi, meðal annars vegna útlagðs kostnaðar og að teknu tilliti til virðisaukaskattskyldu lögmanna, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stefnandi sinnir viðtækri starfsemi á sviði fjármála, þar á meðal veitingu íbúðalána til einstaklinga og lögaðila, en slík lán eru að jafnaði veitt gegn veði í fasteign lántaka.

Stefndi tók þann 26. apríl 2022 verðtryggt íbúðalán að höfuðstólsfjárhæð kr. 18.900.000, tryggt með veði í Suðurgötu 29, Suðurnesjabæ, fnr. 209-5115. Lánið bar að endurgreiða með 360 jöfnum mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti þann 1. júní 2022, auk samningsvaxta, sem voru við lántökuna 1,80%. Lánið er bundið visitölu neysluverðs til verðtryggingar. Lánið er í vanskilum frá 1. maí 2024. Öll skuldin var felld í gjalddaga með framlagðri greiðsluáskorun lögmanns stefnanda. Reiknast dráttarvextir af gjaldfelldri kröfu 30 dögum frá dagsetningu greiðsluáskorunar. Krafist er samningsvaxta til gjaldfellingardags. Stefnandi fékk greiðslufyrirmæli frá stefnanda á hverjum gjalddaga. Dómkrafan sundurliðast þannig:

Gjaldd.	Höfuðst.	Verðbætur	Samningsv.	Afb. og tilk/gr.gjald	Samtals
1.5.2024	47.199	3.933	31.018	520	82.670
1.6.2024	47.269	4.384	30.948	520	83.121
1.7.2024	47.340	4.860	30.877	520	83.597
1.8.2024	47.687	5.289	30.984	520	84.480
1.9.2024	47.758	5.675	30.913	520	84.866
1.10.2024	47.830	5.755	30.841	520	84.946
1.11.2024	47.901	5.555	30.770	520	84.746
19.12.2024	20.465.106	1.148.386	19.753	0	21.967.245

Samtals nema framangreindar fjárhæðir **kr. 22.555.671** sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda er sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Stefndi er skv. upplýsingum þjóðskrár skráður með „ótilgreint“ heimilisfang og þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda. Á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram veðskuldabréf, yfirlit, árangurslaust birtingarvottorð, útprentun úr þjóðskrá, innheimtuviðvörðun, innheimtubréf lögmanns stefnanda og málskostnaðarreikning til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda/u tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 18. september 2025, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrisvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 10. júní 2025.

Sigríður Laufey Jónsdóttir hdl.

(2025017057

Útgáfud.: 18. ágúst 2025

Stefna

Sveinn Jónatansson hrl.,

kt. 130663-2309,

Suðurlandsbraut 6, Reykjavík,

gjörir kunnugt: að hann þurfi fyrir hönd Sigrúnar Hrefnu Sveinsdóttur, kt. 230496-2269, Nýbýlavegi 10B, Kópavogi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Guðmundi Gísla Geirdal, kt. 100765-4899, með lögheimili í Noregi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þá kröfu að úrskurður kærunefndar húsamála í málinu nr. 112/2024, sem féll 23. júní 2025, verði ógiltur. Jafnframt er þess krafist að stefnandi verði sýknuð af öllum kröfum stefnda sem hann gerði á hendur stefnanda í því máli.

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins þar sem tekið verði tillit til þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Málflutningsumboð: Sveinn Jónatansson hrl., Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Málsatvik: Mál þetta varðar skil á leiguíbúð að Nýbýlavegi 10B, Kópavogi, sem stefndi leigði af stefnanda á grundvelli leigusamnings sem upphaflega var gerður 13. ágúst 2021, sbr. dskj. 2 og gildi til 1. ágúst 2022. Hinn 18. október 2022, var gerður nýr leigusamningur sem tók gildi í október 2022 og var ótímabundinn með sex mánaða uppsagnarfresti, sbr. dskj. 3. Þann 12. apríl 2023 var síðan gerður sá leigusamningur sem í gildi var þegar leigu stefnda á framangreindri íbúð lauk, sbr. dskj. 4, en sá samningur var einhverskonar blanda af tímabundnum og ótímabundnum leigusamningi sem átti að gilda til 30. Apríl 2025 en var auk þess uppsægjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 3. gr. samningsins.

Þegar leigusamningur hófst þá var íbúðin nánast ný og ónotuð en stefnandi keypti hana nýja fimm mánuðum áður en leigutími hófst, sbr. það sem rakið er í 4. gr. upphaflega leigusamningsins, sbr. dskj. 2 og fram kemur í dskj. 8. Sá ekkert á íbúðinni eins og aðilar staðfesta í leigusamningnum. Þar kemur jafnframt fram að aðilar telji ekki þörf á úttekt á ástandi íbúðarinnar en að gert hafi verið myndband í upphafi leigusamnings og að slíkt hið sama yrði gert í lok leigutímans, sbr. það sem fram kemur í leigusamningum aðila, sbr. dskj. 2-4, sjá ákvæði 4. gr. í öllum samningunum.

Í lok júlí sl. sendi stefnandi stefnda tölvupóst, sbr. dskj. 5, bls. 6., þar sem hún upplýsti um að hún hygðist flytja aftur til Íslands, en hún hefur um árábil búið í Danmörku þar sem hún stundaði nám. Upplýsti hún jafnframt um að hún vildi segja samningi aðila upp og að leigusamningi lyki 1. desember nk. en tók það fram að hún vildi hafa samráð við leigutaka um þetta tímamark. Varð úr að gengið var út frá því að leigusamningi myndi ljúka 1. desember enda hentaði það leigutaka vel sem var að flytja til Noregs.

Þann 12. september tilkynnti stefndi fyrirvaralaust og einhliða um að hann væri fluttur úr íbúðinni og óskaði eftir því að stefnandi tæki við lykklum hennar.

Stefnandi svaraði stefnda þann 16. september sl., sbr. dskj. 5, bls. 6 og staðfesti við stefnda að uppsögn leigusamningsins væri móttækin og að hún hefði tekið við lykklum íbúðarinnar enda gat hún ekkert gert varðandi það að stefndi væri fluttur út.

Í ljósi þess að samskipti aðila höfðu verið góð allan leigutíma og vildi stefnandi þannig sýna stefnda þann sveigjanleika að losna fyrir út úr þótt hún væri ekki tilbúin til að flytja inn í hana á þessum tíma, sbr. það sem hún tekur sérstaklega fram í póstinum. Gekk stefnandi eðlilega út frá því að uppsögnin tæki í öllu falli ekki gildi fyrir en um mánaðarmót líkt og kveðið er á um í leigusamningi aðila og í húsaleigulögum.

Tók stefnandi hins vegar skýrt fram í svari sínu til stefnda að hún teldi að ástand íbúðarinnar væri ábótavant, bæði hvað varðar skemmd á eldhúsbörðplötu auk þess sem talsverðar skemmdir væru á veggjum íbúðarinnar, bæði rispur eftir húsgögn auk nagla og naglafara sem þurfti að laga. Auk þess hefði þrifum verið ábótavant. Var þess óskað að stefndi upplýsti hvort hann væri sammála þessu athugasemdum enda yrði að fá úttekt þriðja aðila á ástandi íbúðarinnar ef ágreiningur væri til staðar um ástand hennar við skil.

Stefndi svaraði stefnanda með pósti þann 20. september sl., sbr. dskj. nr. 5, bls. 5, þar sem hann viðurkennir að íbúðin þarfnist málunar og spörtlunar eftir leigutímabil hans en hélt því síðan fram að þrif hafi verið óþörf þar sem að það hafi þurft að mála íbúðina. Einnig lýsti stefndi því yfir að ef stefnandi vildi fá úttekt þriðja aðila þá væri það honum að meinalausu en áskildi sér rétt til að láta aðila frá sér skoða eða taka þátt í skoðuninni, sbr. dskj. 5, bls. 5.

Ummælum í póstinum um það hve mikið stefndi hafði greitt í leigu á samningstímanum taldi stefnandi ekki svaraverð enda kæmi það málinu ekki við. Rétt er hins vegar að taka það fram af þessu tilefni að vegna hárra vaxta af fasteignalánum þá greiddi stefnandi um kr. 100.000 á mánuði umfram leigugreiðslur í vexti, fasteignagjöld og annan rekstrarkostnað. Námu þessar greiðslur því um þriðjung hærri greiðslu á mánuði vegna íbúðarinnar en sóknaraðli greiddi í leigu.

Þann 23. september sl. sendi stefnandi póst til HTH innréttinga og spyr um kostnað vegna lagfæringar á borðplötu, sbr. dskj. 6. Er stefnandi í þeim samskiptum upplýst um að svona plata kosti kr. 44.000 en aðrir aðilar innan HTH verði að upplýsa um það hvað vinnan kosti, sbr. dskj. 6.

Þann 27. september sendi stefnandi póst til stefnda, sbr. dskj. 5, bls. 5, þar sem hún upplýsir stefnda um að efnið í borðplötuna í eldhúsi kosti kr. 44.000 og að málun íbúðarinnar kostaði að mati málarameistara sem hún ráðfærði sig við um kr. 250.000 auk virðisaukaskatts. Taldi stefnandi eðlilegt að ráðist yrði í viðgerð á eldhúsbörðplötunni og málun íbúðar og ef eitthvað stæði eftir af tryggingunni eftir það þá yrði það endurgreitt.

Stefndi svaraði stefnanda þann 29. september sl., sbr. dskj. 5, bls. 4 og mótmælti því að málun íbúðarinnar væri á hans ábyrgð enda bæru leigusalar almennt ábyrgð á því að mála leiguíbúðir. Stefndi viðurkenndi hins vegar ábyrgð sína á skemmd á eldhúsbörðplötu. Í þessum pósti kom auk þess fyrst fram krafa hans um að fá endurgreidda leigu septembermánaðar frá því að hann skilaði íbúðinni fyrirvaralaust, sbr. það sem rakið er hér að framan. Krafðist hann endurgreiðslu á kr. 606.000 sem hann reiknaði þannig að endurgreiðsla á tryggingu og hluta september væri samtals kr. 650.000 en frá þeirri fjárhæð dró hann kr. 44.000 vegna borðplötunnar.

Þessu svaraði stefnandi þann 6. október sl., sbr. dskj. 5, bls. 4, þar sem hún lýsti vonbrigðum sínum með að aðilar væru ósammála um skilin og uppgjör vegna þeirra og taldi af þeim sökum rétt að fá úttekt á íbúðinni til að sannreyna ástand hennar við leigulok enda hafði stefndi áður lýst því yfir að hann gerði ekki athugasemdir við það að úttekt færi fram.

Þann 8. október sl. svaraði stefndi, sbr. dskj. 5, bls. 3, þar sem hann áréttaði fyrri kröfur sínar og afstöðu m.a. með vísan til heimasíðunnar leigjendur.is.

Þann 10. október sl. svaraði stefnandi, sbr. dskj. 5, bls. 2 og benti á það að hvort sem hún eða stefndi hefðu rétt fyrir sér þá vari nauðsynlegt að fá úttekt óháðra og hlutlausra aðila á ástandi íbúðarinnar við lok leigutíma þar sem m.a. yrði lagt mat á það hvort skemmdir á málningu væru eðlilegt slit eða ekki. Auk þess benti stefnandi á það að það væri langt frá því að vera tímabært að mála íbúðina og því flokkaðist málun hennar við þessi lok leigusamnings aðila ekki undir venjulegt viðhald og málningu skv. 19. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Þessu svaraði stefndi með tölvupósti þann sama dag, sbr. dskj. 5, bls. 2, þar sem hann mótmælir því að fram farið úttekt á ástandi íbúðarinnar. Jafnframt ítrekaði hann kröfur sínar og tilkynnir að hann muni senda málið til kærunefndar húsamála ef stefnandi féllist ekki á hans kröfur og greidd umkrafða fjárhæð án tafar.

Stefnandi var ósammála þessu enda bæri aðilum skylda samkvæmt 65. gr. húsaleigulaga að láta fara fram úttekt á ástandi íbúðar ef ágreiningur kæmi upp á milli aðila leigusamnings um ástand íbúðar og bótafjárhæð. Fór stefnandi á þeim grundvelli að leita að aðila sem væri hæfur til að framkvæma skoðun á ástandi íbúðarinnar. Sendi hún póst til Skoðunarstofunnar þann 14. október sl., sbr. dskj. 7, en Skoðunarstofan er aðili sem sérhæfir sig m.a. í úttektum íbúða og sér m.a. um mikið af úttektum fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins, skodunarstofan.is.

Stefndi tilkynnti síðan stefnanda með pósti þann 14. október sl., sbr. dskj. 5, bls. 1, að hann ætlaði að fara með málið fyrir kærunefnd.

Þann 16. október býður Skoðunarstofan tíma til skoðunar þann 17. október, sbr. dskj. 7. Stefnandi svaraði því með þeim hætti að hún ætli að reyna að boða leigutaka á þessum tíma en ef það takist ekki með svona stuttum verði að finna nýjan tíma enda nauðsynlegt að hafa samráð við stefnda svo hann gæti verið viðstaddur eða hann sent umboðsmann til að vera viðstaddur úttektina, sbr. það sem fram kemur í dskj. 7.

Þann 16. október barst tilboð frá HTH innréttindum, sbr. dskj. 6, um að gera við borðplötuna og var áætlaður kostnaður samkvæmt því með efni, vinnu og virðisaukaskatti kr. 224.000 sem sundurliðast þannig:

Borðplata með vsk.	74.000
vinna án vsk.	120.968
vsk á vinnu	<u>29.032</u>
Samtals kr.	224.000

Var hækkun á efni í borðplötuna skýrð með því að sú borðplata sem er skemmd sé skeytt saman við hina borðplötuna sem hún liggur að og því verði að skipta um þær báðar.

Þann 18. október 2024. berst síðan tilkynning frá kærunefndinni um að stefndi hafi kært málið til nefndarinnar.

Úrskurður féll í málinu þann 23. júní 2025 í máli nr. 112/2024. Var þar fallist á kröfur stefnda að öðru leyti en því að honum var gert að greiða hluta af kostnaði við að gera við borðplötuna. Stefnandi telur að úrskurðurinn sé rangur í veigamiklum atriðum og krefst þess að hann verði felldur úr gildi.

Málsástæður: Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum.

Úrskurður kærunefndar húsamála í málinu nr. 112/2024

Stefnandi telur að úrskurður kærunefndar húsamála í máli nr. 112/2024 sé rangur í veigamiklum atriðum.

Þannig er fallist á að stefnda hafi verið heimilt að losna undan leigugreiðslu með því að fara án fyrirvara og samráðs úr hinni leigðu íbúð og án samþykkis eða samráðs við stefnanda. Þetta er í andstöðu við allar meginreglur um þetta atriði eins og nánar verður vikið að síðar.

Þá er stefnda aðeins gert að greiða hluta af tjóni á borðplötu þrátt fyrir að hann hafi viðurkennt að hafa valdið tjóni á henni. Er þetta í andstöðu við meginreglur skaðabótaréttar um að tjónvaldur beri fulla ábyrgð á tjóni sem hann veldur og beri að bæta tjónþola það að fullu.

Ber við úrlausn málsins að líta til þeirra málsástæðna sem stefnandi byggði á í málinu nr. 112/2024 í kærunefnd húsamála, en þær eru eftirfarandi.

Krafa stefnda um að fá hluta af greiddri leigu endurgreidda:

Stefnandi mótmælir því að stefndi eigi rétt á að fá hluta af leigu fyrir september mánuð endurgreiddan. Samkvæmt skýrum ákvæðum leigusamnings og 1. mgr. 57. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 þá miðast uppsögn við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn kemur fram. Gat uppsögnin því aldrei tekið gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. október sl. og mátti stefnandi ganga út frá því að ósk stefnda um að ljúka leigusamningi miðaðist við þá dagsetningu en ekki daginn sem hann yfirgaf íbúðina fyrirvaralaust og án samráðs við stefnanda.

Ef fallist væri á það þá væri um leið verið að fallast á það að stefndi geti fyrirvaralaust skilið stefnanda eftir með ógreidda leigu fyrir umræddan mánuð og það tjón sem því fylgir ofan á þá eftirgjöf uppsagnarfrests sem hún féllst á með því að taka við íbúðinni frá og með 1. október.

Eins og að framan er rakið þá var leigusamningur aðila í gildi til 30. apríl 2025 með heimild þó til að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Hafði stefnandi upplýst um það í júlí sl., sbr. dskj. 5, bls. 6, að hún stefndi á að flytja í íbúðina 1. desember nk. en stefndi síðar tilkynnt það fyrirvaralaust að hann væri að flytja úr íbúðinni og væri að flytja til Noregs. Hafði stefnandi ótvíræðan rétt samkvæmt samningi aðila, sbr. dskj. 2-4, til þess að gera kröfu um að stefndi greiddi leigu fram til áramóta en kom verulega á mótis við stefnda með því að samþykkja að leigusamningnum lyki 1. október þrátt fyrir að ætla ekki að flytja inn fyrr en löngu síðar.

Þrátt fyrir þessa verulega ívilnandi ákvörðun stefnanda í garð stefnda sem ótvírætt leysti hann undan skyldu um að greiða um kr. 1.000.000 í leigu út uppsagnarfrestinn án þess að bera nokkur skylda til þess, þá þakkar stefnda fyrir sig í verki með því að ganga enn lengra og krefjast endurgreiðslu á stórum hluta septembermánaðar í andstöðu við samning aðila og lög auk þess að hafna sanngjörnum og eðlilegum bótakröfum stefnanda vegna skemmda sem komu fram á hinni leigðu íbúð.

Er það í öllu falli skýrt og ótvírætt að samningur aðila og skuldbindingar samkvæmt honum miðuðust við mánaðarmót og má ljóst vera af öllum samskiptum aðila að stefnandi gekk út frá því að stefndi greiddi leigu út septembermánuð. Ber af þessari ástæðu að hafna kröfu stefnda um endurgreiðslu á leigu.

Málning íbúðar

Hvað varðar ágreining aðila um það hvort stefnda beri skylda til að greiða bætur vegna málningarvinnu í íbúðinni þá er það vissulega rétt að samkvæmt 19. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 rétt að það er skylda leigusala að láta mála húsnæðið í samræmi við góðar venjur um viðhald húsnæðis. Ber leigutaki almennt ekki ábyrgð á þeim kostnaði enda sé hann hluti af venjulegu viðhaldi hins leigða húsnæðis.

Í 63. gr. húsaleigulaga kemur hins vegar skýrt fram að leigutaki ber ábyrgð á rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins nema hún stafi af atvikum sem voru leigjanda sannanlega óviðkomandi. Við mat á þessu verður að miða við það að gera kröfur til leigutaka að hann gangi um íbúðina eins og góður og gegn leigutaki myndi gera, þ.e. miða verður við hinn svokallaða bonus pater mælikvarða.

Þarf samkvæmt þessu að leggja mat á það í hverju tilviki hvort málun íbúðar nú við leigulok sé eðlilegt viðhald í skilningi 19. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 eða hvort málning er nauðsynleg vegna skemmda á málningu íbúðar sem annars hefði ekki verið þörf á að mála.

Málning í íbúðum endist vel og má gera ráð fyrir að mála þurfi íbúðir á 8-10 ára fresti að sögn málarameistara sem með mikla reynslu. Bætti hann því við að hann vissi um mörg dæmi um mun lengri endingu á málningu og að hann hefði oft komið að því að mála íbúðir sem ekki höfðu verið málaðar í 15-20 ár og voru þá rétt að komast á þann tíma að þörfu væri að endurnýja málningu.

Í því tilviki sem hér um ræðir þá er um að ræða íbúð sem var nýmáluð þegar leigusamningur hófst og var málningin, en eins og áður segir þá var íbúðin fimm mánaða gömul þegar leigusamningur hófst þann 13. ágúst 2021 og þriggja og hálfis árs þegar leigusamningnum lauk, sbr. dskj. 8, sem er yfirlit yfir þinglýst skjöl á hina leigðu íbúð. Kemur þar fram að lóðaleigusamningi var þinglýst í september 2020, foheldisvottorð gefið út í nóvember 2020 og kaupsamningi stefnanda þinglýst 9. febrúar 2021, en þetta staðfestir að íbúðin var keypt af stefnanda í febrúar 2021. Bjó hún þar í nokkra mánuði áður en hún hélt til náms í Kaupmannahöfn og leigði íbúðina til stefnda fimm mánuðum síðar, eða í ágúst 2021, sbr. dskj. 2.

Ástand íbúðarinnar og málningar var staðreynt með myndbandi var tekið í upphafi leigutímans. Var stefndi viðstaddur upptökuna eins og fram kemur á henni., sbr. framlagt myndband, merkt I. Á því myndbandi kemur fram að íbúðin var eins og ný og ekkert sá á henni, líkt og stefndi staðfestir í upptökunni auk þess sem þetta

ástand íbúðarinnar er staðfest í umfjöllun í leigusamningi um ástand hennar við upphaf leigutímans. Er þar staðfest ástand íbúðarinnar var þannig að hvergi sást á veggjum eða málningu íbúðarinnar.

Hins vegar er lagt fram myndband sem tekið var af stefnanda eftir að hún tók við íbúðinni þann 12. september sl. og myndir sem teknar voru á tímabilinu 12-15. september sl., sbr. framlagt myndband og myndir merkt J. Á þessum myndum og myndbandi sést vel að við lok leigutímans voru skemmdir víða á málningu og veggjum, bæði rispur og aðrar skemmdir auk þess sem búið var að negla nagla á mörgum stöðum án þess að óskað hafi verið eftir heimild til þess. Er hér ekki um venjulegt viðhald og málun sem stefnandi ber ábyrgð á sem leigusali heldur skemmdir á málningu íbúðar vegna slæmrar umgengni stefnda sem hann ber ábyrgð á enda var langt frá því að vera komin á tíma varðandi endurmálun hennar. Ef meðferð leigutaka er með þeim hætti að málning skemmist óeðlilega þannig að mála þurfi íbúð í lok leigusamnings, sem annars hefði ekki þurft að mála, þá ber leigutaki ábyrgð á því á grundvelli 63. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 sem er skýrt hvað þetta varðar.

Best hefði verið að fá hlutlausan úttektaraðila til að meta það hvort tímabært væri að mála umrædda íbúð og um leið hvort skemmdir á málningu, sem stefndi hefur viðurkennt að hafi verið skemmt á leigutíma, hafi verið eðlilegt slit eða skemmdir sem teldust vera skemmdir sem stefndi bær ábyrgð á samkvæmt 63. gr. húsaleigulaga. Stefndi tók í upphafi vel í það að láta fara fram úttekt á hinni leigðu íbúð en hafnaði því síðar alfarið. Var það skýrt brot gegn 65. gr. húsaleigulaga sem kveður á um það að aðilum beri skylda til að láta fara fram úttekt til að meta meint tjón þegar aðila greinir á um það hvort tjón hafi orðið eða hve mikið það er.

Stefndi fór hins vegar fyrirvaralaust úr íbúðinni og flutti til Noregs án þess að fara yfir íbúðina með stefnanda líkt og gert var í upphafi leigutímans til þess að skoða ástandið og mynda það í þeim tilgangi að til staðar væru gögn um ástandið sem aflað væri með sameiginlegum hætti. Hefur hann ekki gefið kost á sameiginlegri skoðun á ástandi íbúðarinnar eins og áður er rakið né reynt með nokkrum hætti að sannreyna ástand íbúðarinnar með öðrum hætti. Með þessu hefur stefndi brotið gegn grundvallar skyldum sínum hvað varðar úttekt og skoðun á hinni leigðu íbúð á meðan að gögn málsins sína að stefnandi lagði sig fram við að sýna sanngirni og leitast við að afla sem bestra upplýsinga um ástand hins leigða við lok leigusamnings, sbr. myndir og myndbönd sem merkt eru sem gögn I og J.

Verður stefndi að bera hallan af því að hafa með þessari háttsemi hafnað því með ólögsmætum hætti að láta fara fram úttekt á íbúðinni þar sem hann eða umboðsmaður hans yrði viðstaddur og komið þannig í veg fyrir að unnt yrði láta fara fram hlutlausa úttekt á hinni leigðu íbúð með þátttöku beggja aðila. Ber þegar af þessari ástæðu að fallast á kröfu stefnanda um að stefnda verði gert að greiða fyrir málningu á íbúðinni að álitum á grundvelli þeirrar áætlunar sem stefnandi fékk frá fagmanni og kynnt var fyrir stefnda.

Skorar stefnandi hins vegar á stefnda að taka þátt í úttekt á hinni leigðu íbúð undir rekstri þessa máls, að því marki sem hægt er, svo að það megi upplýsa málið sem best áður en úrskurðað er í því.

Þrif

Þrifum á íbúðinni var verulega ábótavant eins og rakið er í pósti stefnanda til stefnda þann 16. september sl., sbr. dskj. 5, bls. 6, en þar kemur fram að íbúðin hafi verið illa þrífín og í því sambandi nefnt að það voru ekki aðeins málaðir fletir sem voru skítugir heldur einnig gólf, bakaraofn, gler, útisvæði o.s.frv. Kemur þetta vel fram á myndum og myndbandi því sem tekið var eftir að stefndi flutti úr íbúðinni, sbr. myndband og myndir merkt J. Hefur stefndi auk þess viðurkennt að hafa ekki þrifið þar sem hann taldi það óþarfa vegna þess að það þyrfti að mála íbúðina, sbr. dskj. 5, bls. 5 í pósti frá 20. september sl. Þessum skilningi stefnda er mótmælt á því grundvelli að þótt það þurfi að mála þá verður að þrifa íbúð í lok leigutíma enda eru það slæm vinnubrögð að þrifa ekki veggi fyrir málningu eða mála yfir óhreinindi.

Stefnda bar að ganga vel og snyrtilega um íbúðina samkvæmt 30. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 og skila henni í slíku ástandi. Með því að þrifa ekki íbúðina eins og ber að gera og velta því yfir á stefnanda skapaði hann henni tjón sem nemur þeim þrifum. Er að álitum gerð krafa um kr. 75.000 bætur vegna vanefnda á þrifum en um alþrif var að ræða þar sem að þrifa þyrfti m.a. ofn sem var eins og myndir staðfesta mjög skítugur. Einnig þyrfti að þrifa gler, gólf og útisvæði eins og að framan er rakið og myndir sýna en þetta eru tímafrek þrif sem kalla auk þess á töluverðan kostnað í hreinsiefnum og ferðum til og frá íbúðinni.

Borðplata

Því er að framan lýst að skipta þarf um báðar plöturnar enda eru þær saman límdar og ekki hægt að skipta um aðra þeirra. Tölurnar koma frá HTH innréttingum hjá Ormson en innréttingin var þaðan og því þurfti að fá varahluti frá þeim auk þess sem þeir hafa á sínum snærum fagmenn sem þekkja best til viðhalds.

Fjárhæð tjóns byggist á tölum frá HTH, sbr. dskj. nr. 6, en það nemur eins og áður segir kr. 224.000 sem sundurliðast þannig:

Borðplata með vsk.	74.000
vinna án vsk.	120.968
vsk á vinnu	<u>29.032</u>
Samtals kr.	224.000

Stefndi hefur viðurkennt að hafa skemmt eldhúsbörðplötuna og ber því að fallast á þessa kröfu stefnanda.

Sundurliðun kröfugerðar stefnanda

Heildarkrafa stefnanda er kr. 609.000 og sundurliðast hún þannig samkvæmt framansögðum kröfuliðum:

Málning m. vsk.	310.000
Viðgerð á borðplötu m. vsk.	224.000
Þrif	<u>75.000</u>
Samtals kr.	609.000

Málskostnaður: Stefndi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati kærunefndarinnar þar sem tekið sé tillit til þess að varnaðili er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til þess að stefndi hefur frá upphafi leitast við að leysa úr máli þessu í samræmi við húsaleigulög nr. 36/1994. Hefur hún komið fram af sanngirni gagnvart stefnda með því að leyfa honum að fara fyrirvaralaust úr hinni leigðu íbúð og losað stefnda undan þeirri skyldu að greiða húsaleigu í þrjá mánuði en fjárhæð þeirrar leigu er samtals um ein milljón króna. Stefndi gæti borið fyrir sig brostnar forsendur fyrir þeirri eftirgjöf eftir að stefndi hefur neitað að bæta það stóran hluta þess tjóns sem hann olli á íbúðinni og vanefnda á því að skila íbúð hreinni og í því ástandi sem almennt verður að gera kröfu um að góður og gegn leigutaki geri við lok leigusamnings. Stefndi hefur hins vegar ákveðið að gera það ekki og halda sig við kröfur um beint fjártjón vegna viðskilnaðar á íbúðinni. Rétt er að geta þess að stefndi hefur ekki tök á að flytja í íbúðina fyrr en um áramótin næstu og hefur ekki tekist að leigja hana út frá því að leigutaki fór fyrirvaralaust úr íbúðinni.

Ber að taka tillit til þess að stefndi hefur þannig lagt sig fram við að leysa úr ágreiningi aðila og aðeins sett fram kröfur sem snúast um augljósan rétt hennar til að fá bætt það tjón sem viðskilnaður stefnda og brot hans á samningi aðila og húsaleigulögum nr. 36/1994 hefur valdið henni.

Auk þess ber að líta til þess að kæra stefnda er tilefnislaus og þegar af þeirri ástæðu ber að úrskurða stefnanda málskostnað úr hendi stefnda á grundvelli 8. mgr. 85. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Varakrafa í gangkröfu stefnanda

Varakrafa stefnanda er byggð á því að telji kærunefndin að stefndi eigi aðeins að bera ábyrgð á hluta tjónsins þá verði stefnanda úrskurðaðar bætur að álitum.

Málatilbúnaður stefnda

Hvað varðar málatilbúnað stefnda þá er kröfum hans og málsástæðum mótmælt með vísan til þess sem að framan er rakið enda eru þær kröfur bæði órökstuddar og tilefnislausar. Ber á grundvelli þess sem rakið hefur verið hér að framan að fallast á kröfur stefnanda bæði í aðalsök og gagnsök.

Hvað varðar kröfur álitsbeiðanda þá er þeim mótmælt að því leyti sem þær fara gegn kröfum gagnaðila. Hvað einstaka kröfuliði varðar áréttar gagnaðili eftirfarandi:

Krafa um málskostnað byggist á þeirri meginreglu að stefndi eigi að vera skaðlaus af því að sækja rétt sinn en það á sérstaklega við um kröfur um greiðslu vinnulauna. Krafa um að tekið verði tillit til greiðslu

virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar byggist á því að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og nýtur því ekki endurgreiðslu á innskatti sem hann greiðir ofan á málskostnað.

Með vísan til þessa þá ber að fallast á allar kröfur stefnanda.

Skýrslugjöf: Stefnandi áskilur sér rétt til að taka skýrslur af aðilum og vitnum að því marki sem tilefni gefst til.

Framlögð gögn:

Nr. 1. Stefna

Nr. 2. Leigusamningur dags. 13. ágúst 2021.

Nr. 3. Leigusamningur dags. 18. nóvember 2022.

Nr. 4. Leigusamningur dags. 12. apríl 2023.

Nr. 5. Samskipti aðila vegna loka á leigusamningi.

Nr. 6. Samskipti við HTH vegna viðgerðar á borðplötu.

Nr. 7. Samskipti við Skoðunarstofuna vegna úttektar á hinni leigðu íbúð.

Nr. 8. Yfirlit yfir skjöl sem þinglýst hefur verið á hina leigðu íbúð að Nýbýlavegi 10 B með fastanúmerið 2508522.

Nr. 9. Myndband sem var tekið við upphaf leigutíma.

Nr. 10. Myndband og myndir sem teknar voru við lok leigutíma.

Nr. 11. Samskipti við HTH innréttingar.

Nr. 12. Tölvupóstur lögmanns stefnanda til byggingaraðila hinnar leigðu íbúðar frá 22. mars. 2021.

Nr. 13. Tölvupóstsamskipti stefndu og Jáverks ehf. vegna borðplötu o.fl.

Nr. 14. Úrskurður kærunefndar húsamála í málinu nr. 112/2024.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn, bera fram frekari málsástæður og mótmæli, frekari laga á síðari stigum málsins, allt þar til málið verður dómtekið.

Lagarök: Stefnandi vísar til húsaleigulaga nr. nr. 36/1994 og almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Varðandi kröfu um málskostnað vísast til 130. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá vísar þá vísar stefnandi til megnireglna um skaðabætur innan og utan samninga.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Guðmundi Gísla Geirdal, kt. 100765-4899, með lögheimili í Noregi, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómshúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 28. október 2025, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu og dóm að þola. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 18. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Sveinn Jónatansson hrl.

(2025017123

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: TM tryggingar hf., kt. 660269-3399, Katrínartúni 2, Reykjavík.

Stefndi: Róbert Jónsson, kt. 030174-3649, Ótilgreint, 101 Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 444.229, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 444.229 frá 18.11.2024 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður:

Stefnandi er tryggingarfélag sem selur tryggingar til einstaklinga og fyrirtækja, þar á meðal ökutækjategyggingar og lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja sem tekur til greiðslu á bótakröfum vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis samkvæmt lögum um ökutækjategyggingar nr. 30/2019.

Þann 27. nóvember 2023 ók stefndi bifreið undir áhrifum fíkniefna og olli þriðja manni umfangsmiklu tjóni. Stefnandi hefur greitt út skaðabætur til handa tjónþola í samræmi við ákvæði 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 30/2019. Umrætt tjón má rekja til stórkostlegs gáleysis stefnda og hefur stefnandi eignast endurkröfurétt á hendur stefnda. Því til stuðnings er vert að nefna að endurkröfunefnd sem starfar samkvæmt 20. gr. laga nr. 30/2019 hefur samþykkt endurkröfu stefnanda á hendur stefnda vegna tjónsins sem rekja má til stórkostlegs gáleysis í skilningi umferðarlaga nr. 77/2019, líkt og ráða má af framlagðri ákvörðun endurkröfunefndar.

Ofangreind dómkrafa er tilkomin vegna eftirstöðva af endurkröfu stefnanda sem nemur samtals fjárhæð kr. 444.229, en stefnandi hefur ítrekað skorað á stefnda að greiða umrædda kröfu.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	18.11.2024	18.11.2024	444.229

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús í Reykjavík, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir:

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar auk ákvæði laga nr. 30/2019.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu stefnu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-8.

Áskilnaður:

Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á Róbert Jónsson, kt. 030174-3649, Ótilgreint, 101 Reykjavík að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er

Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í **dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg**, þann **25. september 2025**, kl. **10.00**, og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 10. júní 2025.

f. h. stefnanda, **Davíð Blöndal Þorgeirsson** lögmaður

(2025017144

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Sif Traustadóttir, kt. 1609733909, Vicolo del Barbieri 21, 02039 Toffia (RI), Ítalía.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 12.426.680 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 205.416 frá 1.9.2023 til 1.3.2024, en af kr. 384.969 frá þeim degi til 5.7.2024, en af kr. 12.426.680 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2024 frá 1. janúar 2024, að viðbættum 24% virðisaukaskatti. Kröfunr. 546-72437.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda veitti hún Svövu Kristínu Þorkelsdóttur, kt. 151259-3169, fullt og ótakmarkað umboð til að annast lántöku hjá stefnanda og til að undirrita skuldabréf fyrir sína hönd til tryggingar námsláninu.

Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. R-020862 þann 15.09.1997 upphaflega að fjárhæð kr. 3.928.644. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 226,8 stig sem er vísitala neysluverðs í júlí 2003. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfalli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 15.07.2003, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. R-020862, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 01.09.2023 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 5.6.2024.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
1.9.2023	205.416,00
1.3.2024	179.553,00
Gjaldfelldar eftirstöðvar 5.6.2024	12.041.711,00

Eða alls kr. 12.426.680 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili á Ítalíu hjá Þjóðskrá Íslands. Skv. upplýsingum stefndu sem hún veitti stefnanda er heimilisfang hennar að Vicolo del Barbieri 21, 02039 Toffia (RI), á Ítalíu. Stefnda var gefin út, þýdd lög, þýðingu yfir á ítölsku og beiðni um birtingu send til Sýslumannsins á Suðurnesjum á grundvelli Haag-samnings um birtingar á réttarskjöllum og utanréttarskjöllum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965. Þingfesta átti málið þann 25.03.2025 og tiltekið í beiðni til sýslumanns að síðasti birtingardagur væri 21. febrúar 2025. Samkvæmt tölvusamskiptum við fulltrúa Sýslumannsins á Suðurnesjum bárust engin viðbrögð frá yfirvöldum á Ítalíu um birtingu stefnunnar.

Í embættisbréfi fulltrúa Sýslumannsins á Suðurnesjum, dags. 24. júlí 2025, er staðfest að embættið hafi móttækið beiðni stefnanda um birtingu þann 12. september 2024. Beiðni hafi verið send til miðstjórnarvalds á Ítalíu skv. fyrrgreindum Haag-samningi þann 12. september 2024. Embætti sýslumanns hafi hins vegar ekki fengið gögn frá miðstjórnarvaldinu á Ítalíu um birtingu stefnunnar, né önnur svör skv. tölvupósti.

Í 2. mgr. 15. gr. fyrrgreinds Haag-samnings frá 15. nóv. 1965 kemur fram að dómari geti þrátt fyrir 1. mgr. 15. gr. kveðið upp dóm þótt vottorð um birtingu hafi ekki borist ef uppfyllt eru eftirfarandi skilyrði; a) skjalið hefur verið sent með þeim aðferðum sem kveðið er á um í samningnum, b) liðinn sé hæfilegur frestur, þó ekki skemmri en sex mánuðir frá þeim degi sem skjalið var sent og c) að ekki hafi borist vottorð af neinu tagi þótt allt hafi verið gert til öflunar þess, sem með sanngirni má ætlast til, fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda í því ríki sem beiðni var send til.

Byggt er á því að yfirvöld á Ítalíu hafi látið hjá líða að birta stefnuna, sbr. b-liður 89. gr. laga nr. 91/1991. Á stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir einnig á því að stefnda hafi veitt Svövu Kristínu Þorkelsdóttur fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita námslánaskuldabréfið fyrir sína hönd. Jafnframt er byggt á því að undirritun umboðsmannsins í umboði stefndu hafi falist skuldbindandi loforð stefndu um að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 21. október 2025 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. ágúst 2025.

F.h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2025017180

Útgáfud.: 14. ágúst 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 13. ágúst 2025 í máli nr. L-372/2025, var Matthías Elí Júlíusson, kt. 110795-3199, sviptur fjárræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Suðurlands, 13. ágúst 2025.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2025017019

Útgáfud.: 20. ágúst 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 19. ágúst 2025, í máli nr. L-218/2025, var Tómas Þórir Jónsson, kt. 150447-2839, sviptur fjárræði í 5 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Suðurlands, 19. ágúst 2025.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri.

(2025017261

Útgáfud.: 21. ágúst 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. ágúst 2025, í máli nr. L-4033/2025, var Guðný Ýr Jónsdóttir, kt. 090140-4349, svipt fjárræði tímabundið í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 20. ágúst 2025.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

(2025017359

Útgáfud.: 15. ágúst 2025

Ákvörðun um veitingu bráðabirgðaheimildar fyrir Landsvirkjun vegna Hvammsvirkjunar

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um að veita Landsvirkjun bráðabirgðaheimild vegna undirbúningsframkvæmda fyrir Hvammsvirkjun. Bráðabirgðaheimildin gildir þar til virkjunarleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en í sex mánuði frá útgáfu.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. lög nr. 42/2025, er Umhverfis- og orkustofnun heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi vegna virkjunarframkvæmda skv. 4. gr. raforkulaga, að veita umsækjanda bráðabirgðaheimild að hans beiðni.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfs- og auðlindamála og fer um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga. Kærufrestur er því einn mánuður frá birtingu ákvörðunarinnar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Bráðabirgðaheimildina er hægt að nálgast hér: https://uos-web.cdn.prismic.io/uos-web/aJn2NqTt2nPbaKSO_Br%C3%A1%C3%B0abirg%C3%B0aheimildfyrirHvammsvirkjun.pdf.

Umhverfis- og orkustofnun.

(2025017058

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **A.Z. Smiður ehf.***Kt.:* 470825-1110.*Heimili og varnarþing:* **Krummahólum 4, 111 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 7. ágúst 2025.*Stofnendur:* Andrzej Piotr Zwierchowski, kt. 201078-4669, Krummahólum 4, 111 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 7. ágúst 2025.*Stjórnarmaður:* Andrzej Piotr Zwierchowski. Varastjórn: Ewa Zwierchowska, kt. 261278-2519, Krummahólum 4, 111 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Andrzej Piotr Zwierchowski.*Prókúruumboð:* Andrzej Piotr Zwierchowski, Ewa Zwierchowska.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Mariusz Zembrowski, kt. 280995-3989, Vesturbergi 122, 111 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Framleiðsla og uppsetning á sérsmiðuðum húsgögnum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2025017148)

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **EinarÁ fasteignir ehf.***Kt.:* 450825-1230.*Heimili og varnarþing:* **Dalvegi 16D, 201 Kópavogur.***Dagsetning samþykktar er:* 31. júlí 2025.*Stofnendur:* EinarÁ ehf., kt. 610624-0650, Dalvegi 16D, 201 Kópavogur.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 31. júlí 2025.*Stjórnarmaður:* Þorsteinn Rafn Johnsen, kt. 160473-3209, Hraungötu 6, 210 Garðabær. Varastjórn: Gunnar Bergþór Johnsen, kt. 080702-2560, Hrísholti 7, 210 Garðabær.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Þorsteinn Rafn Johnsen.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Kjartan Arnfinnsson, kt. 210473-2979, Þrastarási 7, 221 Hafnarfjörður.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Eignarhald og útleiga atvinnuhúsnaðis. Lánastarfsemi og annar rekstur sem eðlilegt er að félagið hafi með höndum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2025017149)

Útgáfud.: 19. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Sjafnarnes 11 ehf.***Kt.:* 450825-0930.*Heimili og varnarþing:* **Borgarsíðu 2, 603 Akureyri.***Dagsetning samþykktar er:* 29. júlí 2025.*Stofnendur:* Karl Magnússon, kt. 280287-3939, Tungunesi, 607 Akureyri, Valtýr Smári Gunnarsson, kt. 200883-4039, Borgarsíðu 2, 603 Akureyri, Gunnar Helgi Gunnarsson, kt. 240680-4919, Reykjasíðu 22, 603 Akureyri.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 29. júlí 2025.*Stjórnarmaður:* Karl Magnússon. Varastjórn: Valtýr Smári Gunnarsson, Gunnar Helgi Gunnarsson.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Karl Magnússon.*Prókúruumboð:* Karl Magnússon.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Hólmgrímur Pétur Bjarnason, kt. 130273-5649, Austurbyggð 12, 600 Akureyri.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Leiga atvinnuhúsnaðis.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2025017150)

Lögbirtingablað,
41. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.